


19. desember 2014

Verðlag hækkaði um 0,31% í desember

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,31% í desember en spár greiningaraðila lágu á bilinu 0,2-0,3% og spáðum við 0,2% hækkun. Ársverðbólgan mælist nú 0,8% en að frátöldum húsnæðisliðnum hefur verðlag lækkað um 0,4% síðustu 12 mánuði. Hvert metið á fætur öðru er því slegið þessa mánuðina og er þetta minnsta ársverðbólga sem mælist hefur í tvo áratugi. Jafnframt er þetta ellefta mánuðinn í röð sem ársverðbólga mælist undir verðbólguþolmiði Seðlabankans.

Helstu liðir sem hækkuðu að þessu sinni voru flugfargjöld (+0,2% áhrif á VNV), húsnæðisliðurinn (+0,13%) og matarkarfan (+0,05%) en segja má að hækkun flugfargjalda hafi verið undir spám greiningaraðila. Bensín hafði mest áhrif til lækkunar (-0,10% áhrif á VNV) en var þó undir spá okkar og gerum við ráð fyrir að frekari lækkanir á eldsneytisverði líti dagsins ljós á næstu mánuðum.



Heimildir: Hagstofa Íslands, mat Greiningardeildar Arion banka


Við færum bráðabirgðaspá okkar lítilliga niður fyrir næstu mánuði og felur spáin í sér að ársverðbólga verði nálægt 0,8% að meðaltali á fyrsta ársfjórðungi 2015 eða undir vikið Seðlabankans. Ástæðan er aðallega lækkun hráolíuverðs á heimsmarkaði undanfarið og sú staðreynd að við teljum svigrúm fyrir frekari lækkun eldsneytisverðs innanlands. Við gerum ráð fyrir að VNV lækki um 0,6% í útsölum í janúar og vegast þar á útsöluáhrif á nýju ári og hækkun á matvörum vegna hækkunar á neðra virðisaukaskattsprepi. Í febrúar ganga útsöluáhrifin til baka og áætlum við að vísitalan hækki um 0,6% en hækki síðan um 0,3% í mars. Raunerist spáin mun verðbólgan mælast 0,9% í mars á næsta ári.

Helstu atriði í desember mælingunni:

- Flugfargjöld hækka á háannatíma yfir jólin.** Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 14,3% milli mánaða og kemur sú hækkun til vegna aukinnar eftirspurnar yfir jólahátíðarnar. Áhrif á VNV eru því 0,17% til hækkunar. Hækkunin er undir okkar væntingum en við geðum ráð fyrir að flugfargjöld myndu hækka um 20-25%. Í janúar spáum við lækkun á verði flugfargjalda og sjáum litlar lækkanir í kortunum þegar líður á vormánuðina í ljósi lækkunar eldsneytisgjalda flugfélaga og lækkunar olíuverðs á heimsmarkaði. Flugfargjöld innanlands hækkuðu einnig og höfðu 0,03% áhrif á VNV til hækkunar. **Áhrif á VNV: +0,20%**
- Eldsneyti lækkar minna en spár gerðu ráð fyrir.** Eldsneyti lækkaði umtalsvert í mánuðinum eða um 2,4%. Það er undir spám greiningaraðila og hafði 0,10% áhrif á til lækkunar á VNV. Við gerum

því ráð fyrir að eldsneytisverð lækki enn frekar á næstu mánuðum. **Áhrif á VNV: -0,10%**

- **Húsnæðisliðurinn heldur áfram að hækka.** Fasteignaverð um land allt hækkaði um 0,5% í mánuðinum eða lítillega yfir okkar spá (+0,07% áhrif á VNV). Árshækkun á húsnæðisverði stendur því nú í 6,1% og gerum við ráð fyrir að hækkun fasteignaverðs haldist svipuð á næstu mánuðum. Greidd húsaleiga hafði +0,05% áhrif til hækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: +0,13%.**



Heimildir: Hagstofan Íslands, Greiningardeild Arion banka

- **Matarkarfan hækkar ásamt húsgögnum og heimilisbúnaði.** Matarkarfan hækkaði um 0,37% milli mánaða og hafði 0,05% áhrif til hækkunar á VNV. Sömuleiðis hækkuðu húsgögn og heimilisbúnaður um 0,98% og höfðu 0,04% áhrif til hækkunar á VNV. Minniháttar breytingar urðu á öðrum undirliðum. Athyglisvert er þó að raftæki lækkuðu um 1,5% í mánuðinum og einnig lækkuðu sjónvörp og tölvur um 2,4% og eru því væntingar um afnám vörugjalda enn að koma í ljós. **Áhrif á VNV: +0,08%.**


Bráðabirgðaspá – Bensín og flugfargjöld halda áfram að lækka

Við höfum fært verðbólguþá okkar lítillega niður frá því síðast og gerum nú ráð fyrir að verðbólgan verði í kringum 0,9% næstu mánuði. Lægri verðbólguhorfur felast aðallega í áframhaldandi lækkun hráolíuverðs á heimsmörkuðum en Brent hráolían er nú í kringum 60 bandaríkjadali á tunnuna. Við spáum því að svigrúm sé fyrir frekari lækkanir á eldsneytisverði innanlands og að lægri olíukostnaður komi einnig fram í flugliðnum á næstu mánuðum. Að öðru leyti gerum við ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar og að hækkun húsnæðisverðs verði svipuð. Óvissa vegna kjarasamninga er einnig nokkur, en við gerum ekki ráð fyrir miklum þrýstingi á verðlag sökum þeirra á fyrstu mánuðum næsta árs. Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólga mælast um 0,9% í mars á næsta ári.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Janúar -0,6%.** Breytingar á virðisaukaskattskerfinu veldur því að matarkarfan ásamt hótél og veitingum muni hafa 0,5% áhrif til hækkunar á verðlag. Á móti vega útsöluáhrifin í janúar en þau verða nálægt -0,7% til lækkunar á VNV. Við spáum að flugfargjöld lækki umtalsvert og hafi -0,4% áhrif til lækkunar á VNV. Einnig áætluð við að húsgögn og heimilisbúnaður lækki í mánuðinum.
- **Febrúar +0,6%.** Veigamesta hækkunin að okkar mati verður á fötum og skóm þegar útsöluáhrif ganga til baka. Einnig er líklegt að matarkarfan hækki ef hækkun á neðra virðisaukaskattsþrepinu verður ekki að fullu komin út í verðlag. Ólíklegt er að ferðaliðurinn hafi veruleg áhrif til hækkunar. Margt getur þó breytt þessari spá þegar nær dregur. Einnig er óvissa um niðurstöðu kjarasamninga en launahækkanir kunna að hafa áhrif á verðlagsþróun í byrjun næsta árs.
- **Mars +0,3%.** Gert er ráð fyrir að útsöluáhrifin haldi áfram að ganga til baka og hafi um 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Aðrir liðir hækka einnig lítillega.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)